

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Árborgar, nr. 813/2018.

1. gr.

36. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Kjörnum nefndum, sem taldar eru upp í 46. gr., er heimil fullnaðarafgreiðsla mála á verksviði þeirra á grundvelli ákvæða í samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins eða í sérstökum viðauka með samþykkt ef:

1. lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því,
2. þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun, og
3. þau víkja ekki frá stefnu bæjarstjórnar í veigamiklum málum.

Ályktanir nefnda teljast tillögur til bæjarstjórnar, enda þótt þær séu orðaðar sem ákvarðanir eða samþykktir, hafi viðkomandi nefnd ekki verið falin sérstaklega fullnaðarákvörðun um mál.

Bæjarstjórn felur skipulags- og byggingarnefnd að úthluta lóðum fyrir hönd bæjarstjórnar, skv. reglum um úthlutun lóða í Sveitarfélaginu Árborg, frá 20. október 2005, með síðari breytingum.

2. gr.

B-liður 46. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að loknum bæjarstjórnarkosningum skulu eftirtaldar fastanefndir kosnar:

1. *Félagsmálanefnd.* Fimm fulltrúar og fimm til vara skv. gildandi lögum og erindisbréfi fyrir nefndina.
2. *Fristunda- og menningarnefnd.* Fimm fulltrúar og fimm til vara skv. gildandi lögum og erindisbréfi fyrir nefndina.
3. *Fræðslunefnd.* Fimm fulltrúar og fimm til vara skv. gildandi lögum og erindisbréfi fyrir nefndina.
4. *Skipulags- og byggingarnefnd.* Fimm fulltrúar og fimm til vara skv. gildandi lögum og erindisbréfi fyrir nefndina.
5. *Eigna- og veitunefnd.* Fimm fulltrúar og fimm til vara skv. erindisbréfi fyrir nefndina.
6. *Umhverfisnefnd.* Fimm fulltrúar og fimm til vara skv. erindisbréfi fyrir nefndina.
7. *Kjaranefnd.* Þrjú fulltrúar og þrjú til vara skv. gildandi lögum og erindisbréfi fyrir nefndina.

3. gr.

50. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Bæjarstjóri sveitarfélagsins, í umboði bæjarstjórnar, ræður sviðsstjóra og mannauðsstjóra og veitir þeim lausn frá starfi. Sviðsstjórar eru fjórir, á stjórnsýslusviði, fjármálasviði, fjölskyldusviði og mannvirkja- og umhverfissviði.

4. gr.

51. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Sviðsstjórar skv. 50. gr. að höfðu samráði við bæjarstjóra og mannauðsstjóra, ráða stjórnendur deilda og stofnana sem undir þá heyra og veita þeim lausn frá störfum.

Stjórnendur stofnana og deilda ráða starfsmenn sem undir þá heyra að höfðu samráði við viðkomandi sviðsstjóra og mannauðsstjóra og veita þeim lausn frá störfum.

5. gr.

52. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Bæjarstjórn er heimilt að fela embættismönnum fullnaðarafgreiðslu mála á sama hátt og með sömu skilyrðum og nefnd eru í 36. gr. samþykktar þessarar. Bæjarstjórn skal setja skýrar reglur í samþykkt um stjórn og fundarsköp eða í sérstakan viðauka með samþykkt um fullnaðarafgreiðslu

embættismanna en viðkomandi fagnefndir hafa eftirlit með þeim og kalla reglulega eftir skýringum og upplýsingum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli þeirra.

Embættismanni er alltaf heimilt að vísa ákvörðun skv. 1. mgr. til viðkomandi fagnefndar til fullnaðarafgreiðslu.

Bæjarstjórn felur eftirtöldum embættismönnum fullnaðarafgreiðslu mála:

- a) Sviðsstjórum fjármála- og fjölskyldusviðs í sameiningu afgreiðslu umsókna um lækkun eða niðurfellingu álagðs útsvars skv. 25. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.
- b) Sviðsstjóra fjármálsviðs afgreiðslu umsókna um styrki til greiðslu fasteignaskatts af húsnæði sem ekki er nýtt í ágóðaskyni svo sem vegna menningar-, íþróttá-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi eða vinnu að mannúðarstörfum skv. reglum sveitarfélagsins þar um frá 9. desember 2009.

Beiðni um endurupptöku máls skal beint til þess sem ákvörðunina tók og fer um endurupptöku skv. 24. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

6. gr.

Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 7. maí 2019.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.